

**Aðalfundur hverfisnefndar Brekku og Innbæjar haldinn 25. mars 2015 í Brekkuskóla**  
42. fundur

1. Jens Kristinn Gíslason, formaður hverfisnefndar tilnefndi Tryggva Má Ingvarsson sem fundarstjóra.
2. Ákveðið að funda þrátt fyrir dræma mætingu, en einn aðili mætti utan þeirra sem eru í hverfisnefndinni og fundarstjóra.
3. Katrín Hólm Hauksdóttir (KHH) tilgreind sem fundarritari.
4. Jens Kristinn Gíslason, formaður hverfisnefndar flutti skýrslu hverfisnefndar sem er hjálögð.
5. Kosning og skipan í næstu nefnd ekki möguleg vegna dræmrar mætingar. Lagt til að slíta ekki fundi heldur halda og auglýsa annan fundartíma fyrir framhaldsaðalfund. Nauðsynlegt að auglýsa annan dagskrárlið en hefðbundin aðalfundarstörf og hugmynd kom upp að áhugavert væri að hönnuðir kynntu nýtt deiliskipulag neðri hluta Norður-Brekku.
6. Fundi frestað. Nýr fundartími áframhaldandi aðalfundar verður 15. apríl 2015 kl 20.30 á sal Brekkuskóla.

Ritað, KHH

**Hjálagt:** Skýrsla hverfisnefndar

Jens Kristinn Gíslason, formaður hverfisnefndar:

## Skýrsla hverfisnefndar

Gott kvöld. Ég ætlaði aðeins að stikla á stóru um hvað nefndin hefur gert síðan á síðasta aðalfundi, en ef marka má útgefnar fundargerðir höfum við verið voðalega löt. Því miður hefur mjög lítið verið fest á blað um störf nefndarinnar, en mig langar til að gera grein fyrir nokkrum atriðum til viðbótar þeim fundargerðunum sem komnar eru á vef Akureyrarbæjar.

Aðalfundur var haldinn 31. janúar 2013.

Í hverfisnefnd voru kosin til 2 ára:

Elín Auður Ólafsdóttir  
Jens Kristinn Gíslason  
Kristján Bergmann Tómasson  
Ragnar Jón Ragnarsson  
Sigmundur Magnússon  
Katrín Hólm Hauksdóttir til vara  
Sara Ómarsdóttir til vara

Hér kemur þurr upptalning á helstu störfum nefndarinnar, í rétttri tímaröð.

1. 13. febrúar 2013, skipað í embætti og línur lagðar v. umhverfisátaksins, en ákveðið var að horfa sérstaklega til leiksvæða hverfisins sem mörg voru illa farin eða ókláruð.
2. 6. mars 2013, samin tillaga nefndarinnar um að ráðstafa fé vegna umhverfisátaks til að klára leikvöll við Helgamagrastræti, en hann hafði setið á hakanum frá árinu 1998. Einnig kemur fram í tillögunni áskorun til bæjarins að laga Leiruvöll, Kambsmýrarvöll og Suðurbyggðarvöll. Þess má geta að nú 2 árum seinna er búið að laga alla þessa velli og þakkar hverfisnefndin bænum sérstaklega fyrir að taka vel í áskorunina.
3. 24. apríl 2013 kynnti fulltrúi nefndarinnar tillögurnar á fundi með framkvæmdaráði Akureyrarbæjar.
4. 13. júní 2013 fundur, rætt um leikvöllinn við Helgamagrastræti, teikningar skoðaðar og leiktæki.
5. 16. júlí 2013, fundur, rætt um leikvöllinn, skipulagt að hverfisnefnd leggi þökurnar til að spara peninga, en útlit var fyrir að leikvöllurinn færi eitthvað fram úr áætlun.
6. 4. september 2013, fundur, rætt um framkvæmdir við leikvöll og Stóra Biðskyldumálið. En þar var um að ræða samþykkt í framkvæmdaráði um að breyta umferðarskipulagi á horni Hamarstígs og Helgamagrastræti, sem hverfisnefndin var mótfallin.
7. 20. september 2013 sendi hverfisnefnd erindi til blaðamanns Vikudags v. stóra biðskyldumálsins.
8. 6. október 2013 fundur um stóra biðskyldumálið, leikvöllinn við Helgamagrastræti og mögulega nýja gangstétt við Hamarstíg að norðanverðu. Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, íbúar við Hamarstíg; komu á fundinn.
9. 10. október, fulltrúar nefndarinnar fóru í viðtalstíma bæjarfulltrúa til að ræða stóra biðskyldumálið sérstaklega og umferðarskipulag í hverfinu almennt.
10. 12. október 2013 þökulagði nefndin, með aðstoð annarra íbúa, leikvöllinn við Helgamagrastræti.
11. 17. desember 2013 fulltrúi nefndarinnar mætti á kynningarfund hjá Akureyrarbæ um stöðu verkefna sem hverfisnefndirnar óskuðu eftir að fé umhverfisátaksins væri varið í.
12. 19. febrúar 2014, fundur um tillögur nefndarinnar vegna umhverfisátaks 2014.
13. 28. febrúar 2014, fulltrúi nefndarinnar fer á fund Jóns Birgis Gunnlaugssonar vegna umhverfisátaksins. Þar var rætt um mögulegan Folf völl á Hamarkotstúni.
14. 6. mars 2014, fundur v. tillagna ársins um umhverfisátaksins. Það helsta sem komst á blað

- var að klára leikvöllinn við Helgamagrastræti (eitt leiktæki var ókomið), Íbúasamkoma á Hamarkotstúni, merkja gönguleiðir og stíga í hverfinu með “götuskiltum” bæta gönguleið milli Ásvegar og Klettastígs
15. 27. maí 2014, rætt um að halda formlega opnun leiksvæðis við Helgamagrastræti með íbúahátíð á leiksvæðinu. Ég tók við sem formaður nefndar v. flutninga Ragnars Jóns. Einnig rætt um að halda íbúasamkomu á Hamarkotstúni á Akureyrarvöku.
  16. 14. júní, 2014 hátíðarhöld á leiksvæði við Helgamagrastræti, formleg opnun, íbúahátíð, grill, ís, sápukúlur ofl. Ofll.
  17. 26. júní 2014 fulltrúi nefndarinnar fundar með Akureyrarstofu v. íbúasamkomu á Akureyrarvöku
  18. 11 ágúst 2014 fundur í hverfisnefnd v. lautarferðar og íbúafings á Akureyrarvöku
  19. 30. ágúst 2014 lautarferð og íbúafing á Hamarkotstúni. Um 50 manns mættu í lautarferð í góðu veðri, léku sér og áttu notalega stund. Rætt var töluert um málefni hverfisins, Hamarkotstún sérstaklega. Margar skriflegar tillögur íbúa urðu til og hefur hverfisnefndin skilað greinargerð um niðurstöðurnar til Akureyrbæjar til úrvinnslu.
  20. 5. nóvember 2014, fulltrúi nefndarinnar fer á kynningarfund um deiliskipulagsvinnu fyrir neðri hluta Norður Brekku.
  21. 19. nóvember 2014, fundur í hverfisnefnd. Unnið með niðurstöður íbúafings á Hamarkotstúni og rætt um fyrirhugaða deiliskipulagstillögu fyrir neðri hluta Norður Brekku. Búin er til opin Facebook síða undir merkjum hverfisnefndarinnar fyrir almennar umræður nefndar, íbúa og annarra áhugamanna um málefni hverfisins. Þegar þetta er ritað eru meðlimir síðunnar 6, þeir sitja allir í hverfisnefndinni og engin umræða hefur farið fram. Vonandi tekst nýrri nefnd betur að virkja þennan umræðuvettvang.
  22. 3. desember 2014, fundur nefndarinnar með skipulagsstjóra, fulltrúum skipulagsnefndar og skipulagshöfundum deiliskipulagstillögu um neðri hluta Norður Brekku.
  23. 18 febrúar 2015 fundur í hverfisnefnd, rætt um umhverfisátakið og aðalfund. Ákveðið að hafa samband við Innbæjarsamtökin og hafa samráð við þau um tillögur fyrir umhverfisátakið.
  24. 4. mars 2015. fundur í hverfisnefnd. Unnið að tillögu fyrir umhverfisátakið, en ákveðið var að óska eftir lagfæringum á Spítalastíg og Menntavegi. Rætt var um auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir neðri hluta Norður Brekku og ákveðið að gera athugasemd um færslu leiksvæðis þrátt fyrir að stígatengingar við nýja staðinn séu ekki eins og vonast var eftir og búið var að kynna fyrir nefndinni. Ákveðið var að halda aðalfund 25. mars 2015.
  25. 25. mars 2015. aðalfundur.

Auk þessara formlegu funda fór töluverð umræða fram á Facebook og í óformlegri samtölum nefndarmanna.

Fyrir hönd nefndarinnar þakka ég traustið sem okkur var veitt og óska nýrri nefnd hins besta.

Takk fyrir.